

Föstudaginn 16. nóvember 1990.

Nr. 46/1989. **Símon Símonarson**

(Jónatan Sveinsson hrl.)

gegn

Ólafi Guðmundssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. febrúar 1989. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 26.222 krónur með eftirtöldum dráttarvöxtum á mánuði: 2,25% frá 8. júlí 1986 til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 1. júní 1987, 2,8% frá þeim degi til 1. júlí 1987, 3% frá þeim degi til 1. ágúst 1987, 3,4% frá þeim degi til 1. september 1987, 3,5% frá þeim degi til 1. október 1987, 3,6% frá þeim degi til 1. nóvember 1987, 3,8% frá þeim degi til 6. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti og dráttarvaxta af dæmdum málskostnaði samkvæmt 10. gr. vaxtalaga að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt nokkur ný skjöl fyrir Hæstarétt.

Hinn 30. janúar 1989 var á bæjarþingi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í málinu nr. 7191/1987: Örn Valberg gegn Ólafi Guðmundssyni, stefnda í máli því, sem hér er til úrlausnar. Í niðurstöðu dómsins, sem ekki hefur verið áfrýjað, segir m.a. svo:

„Fyrir liggur, að stefnandi tók að sér ákveðið verk fyrir stefnda samkvæmt verksamningi

Þegar stefnandi hóf verkið, var búið að taka út botn. Vitni þau, sem skýrslu gáfu fyrir dóminum, voru sammála um, að úttekt á botnplötu þýði, að búið sé að mæla út hæðarpunkta og að þeim

mælingum eigi að vera treystandi. Stefndi sá sjálfur um að grafa grunninn og lét taka út botninn. Verður ekki fallist á þá skýringu hans, að í þeirri úttekt hafi einungis átt að felast úttekt á sökkli. Hafi svo verið, bar honum að greina stefnanda frá því. Þykir stefndi því bera ábyrgð á því, að hæðarpunktur reyndust rangir fyrir sökkli og botnplötu, svo að rífa varð niður hluta af uppslætti fyrir sökkli og fleyga og sprengja í grunninum. Bar stefnanda því þóknun fyrir þá vinnu, sem hann lét stefnda í té vegna hreinsunar og annarra aukaverka í sambandi við það. Þá er ósannað, að stefnandi hafi tekið að sér upp á sitt eindæmi að ákveða og ábyrgjast sprengingar vegna niðurfalla, og ber honum einnig þóknun vegna aukastarfa við þær framkvæmdir. Það liggur fyrir, að stefndi var á staðnum nánast allan tímann, og er ósannað, að það verk hafi verið framkvæmt án hans vilja eða vitundar.“

Fram er komið, að stefndi reyndi sjálfur, þegar í óefni var komið, að útvega mann til þess að fleyga og sprengja það, sem þurfti í grunninum og við hann, en sá maður gat ekki tekið verkið að sér. Leitaði stefndi þá til Arnar Valbergs, sem útvegaði Stefán Þorvarðarson til verksins, en Stefán fékk síðan áfrýjanda til að taka að sér lítinn hluta verksins. Af gögnum málsins má ráða, að kapp var lagt á að ljúka fleygun og sprengingum án undandrátta. Svo sem áður er frá greint, var stefndi á vinnustaðnum og fylgdist með framvindu verksins. Mátti áfrýjandi treysta því, eins og hér stóð á, að stefndi greiddi þóknun áfrýjanda fyrir þann hluta verksins, sem hann innti af hendi. Verður stefndi því dæmdur til að greiða áfrýjanda hina umstefndu skuld ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Guðmundsson, greiði áfrýjanda, Símoni Símonarsyni, 26.222 krónur með 27% ársvöxtum frá 8. júlí 1986 til 1. mars 1987, 30% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. janúar 1989.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 17. janúar sl., er höfðað af Símoni Simonarsyni, nnr. 8123-0315, Víðihlíð 30, Reykjavík, með stefnu, birtri 6. nóvember 1987, á hendur Ólafi Guðmundssyni, nnr. 6758-3078, Holtsgötu 9, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 26.222, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 8. júlí 1986 til 1. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., með 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 3,4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. október s.á., með 3,6% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til stefnubirtingardags 6. nóvember 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.*Málavaxtalýsing stefnanda, málsástæður og lagarök.*

Stefnandi kveðst reka vélaleigu í Reykjavík, þ. á m. annist hann hvers konar jarðvegsvinnu, þ.m.t. borun og sprengingar í húsgrunnum og skurðum.

Þann 2. eða 3. júní 1986 hafi verið óskað eftir borun í klöpp í húsgrunni að Eldshöfða 23, Reykjavík. Þar hafi verið að störfum við fleygun og sprengingar í húsgrunninum Stefán Þorvarðarson vinnuvélaeigandi og menn á hans vegum. Það hafi orðið að ráði milli húsbyggjandans, stefnda í máli þessu, og Stefáns, að hagkvæmt væri að fá stefnanda til að bora dýpstu holurnar í frárennisskurði frá húsgrunninum, sem lá í gegnum klöpp og þurfti að sprengja allt að 1,60 metra niður. Ástæða þess muni hafa verið sú, að stefnandi bjó yfir góðum tækjabúnaði til borunar á svo djúpum holum og hafði m.a. yfir að ráða sérstökum borvagni til þess. Þessi djúpborun í klappir sé allverulegur þáttur í starfsemi stefnanda, þótt aðrir annist verkin að öðru leyti.

Verk þetta hafi stefnandi unnið samkvæmt reikningi fyrir húsbyggjandann, stefnda í máli þessu, enda ekki um annað rætt en að verk þetta væri unnið í þágu hans. Þarna hafi einnig komið fram, að Stefán Þorvarðarson hafði enn fremur verið þarna við sprengingar og fleygun samkvæmt reikningi.

Stefnandi hafi unnið verk þetta þann 3. júní, og hafi stefnda verið sendur reikningur þann 8. júlí 1986 og óskað eftir greiðslu. Stefndi hafi marglofað greiðslu, en ekki staðið við það. Þegar fram í sótti, hafi verið farið að hafa orð á því af hálfu stefnda, að reikningur stefnanda fyrir verkið væri of hár, án þess að sú mótbára væri rökstudd frekar með marktækum hætti.

Stefnukröfur styður stefnandi við almennar reglur samningsréttar og kröfuréttar. Um eindaga vísar stefnandi til 12. gr. 1. nr. 39/1922, sbr. og 28. gr. s.l.

Kröfufjárhæðina kveður stefnandi grundvallast á reikningi, dagsettum 8. júlí 1986, að fjárhæð kr. 26.222,00, og verkskýrslu vegna framkvæmda að Eldshöfða 23, Reykjavík.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður málsatvik vera þau, að með verksamningi, dagsettur 15. maí 1986, hafi Örn Valberg, Álakvísl 43, Reykjavík, tekið að sér fyrir stefnda „að slá upp sökklum og hæð hússins nr. 23 við Eldshöfða í Reykjavík samkvæmt samþykktum teikningum, er liggja fyrir“, sbr. 1. gr. verksamningsins.

Vegna þessa verkþáttar hafi Örn ráðið Stefán Þorvarðarson til að framkvæma fyrir sig borun og sprengingar í grunni lóðarinnar. Stefán hafi síðan ráðið Símon Símonarson til að annast hluta verksins. Símon hafi þannig verið undirverktaki á vegum Stefáns Þorvarðarsonar.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Sýknukröfu sína byggir stefndi fyrst og fremst á aðildarskorti. Stefndi sé ekki réttur aðili málsins, þar sem verkbeiðandi gagnvart stefnanda var Stefán Þorvarðarson, en ekki stefndi, sbr. 45. gr. 1. nr. 85/1936. Lögmanni stefnanda hafi verið tilkynnt um þessa afstöðu stefnda með bréfi, dagsettu 23. október 1987, sbr. dskj. nr. 6.

III.

Aðilja- og vitnaskýrslur.

Aðiljar gáfu báðir skýrslu fyrir dómi, enn fremur vitnin Stefán Þorvarðarson og Örn Valberg.

Skýrði Stefán svo frá, að Örn Valberg hefði haft samband við sig og beðið sig að vinna tiltekið verk við sprengingar í húsgrunni stefnda. Hann hefði ekki haft samráð við stefnda um framgang verksins, heldur hefði Örn Valberg komið með útlistun á verkinu, hæðartölur og teikningar. Þegar til kom, átti Stefán ekki nægilega góðar vélar til að annast alla sprengjuvinnuna, og tók hann þá ákvörðun um að fá Símon Símonarson til að annast þann þátt verksins, sem hann ekki réð við. Hann kvaðst ekki muna,

hvort eða við hvern hann hefði rætt þá ákvörðun sína. Hann kvaðst hafa ráðið Símon á tímavinnugjaldi, en sjálfur hefði hann unnið allt sitt verk á tímavinnugjaldi. Hann kvað Örn Valberg hafa tekið það skýrt fram við sig, að Ólafur myndi greiða reikning fyrir sprengjuvinnu, hvort sem það væri frá Stefáni eða Símoni.

Stefnandinn, Símon Símonarson, skýrði svo frá, að Stefán Þorvarðarson hefði pantað hjá sér borvélina. Hann hefði gefið upp, að verkið væri fyrir ákveðinn mann, en stefnandi kvaðst ekki muna, hvort hann hefði nefnt Ólaf Guðmundsson þá. Hafi Stefán sagt honum að stíla reikninginn á Ólaf Guðmundsson. Hann kvaðst ekki muna, hvenær hann sendi Ólafi reikninginn. Hafi Ólafur margoft lofað að greiða honum reikninginn. Stefnandi kvaðst ekki sjálfur hafa verið að vinna þarna, heldur hefði hann bara útvegað vélarnar. Hann hafi aldrei talað við Ólaf. Hann hafi komið þarna við, en hann kvaðst ekki muna, hvort hann hefði kannski talað einu sinni við Ólaf. Hann kvaðst aldrei hafa beint kröfum sínum til Stefáns.

Stefndi Ólafur skýrði svo frá m.a., að hann hefði ekkert haft með ráðningu Símonar að gera. Eftir því sem hann best vissi, hefði Örn Valberg ráðið hann til verksins. Stefnandi kvaðst ekki hafa vitað um, að það þyrfti að sprengja í grunninum, þegar verksamningurinn var gerður. Þegar það kom í ljós, hefði stefndi talað við sprengjumann, og hefði hann komið og metið kostnaðinn við það um kr. 40.000 - 45.000. Ekki hafi verið gert ráð fyrir, að greiðslur samkvæmt verksamningi fælu í sér sprengingar og slíkt. Ekkert hafi verið rætt um greiðslur fyrir það, og var skilningur stefnda á því sá, að Erni Valberg hafi borið að sjá um það samkvæmt samningi og engar aukagreiðslur kæmu fyrir það. Hann kvaðst ekki hafa beðið um úttekt byggingarfulltrúa á botni í nóvember 1985, það hefði einhver annar gert. Hann taldi, að úttektin fæli í sér, að byrja mætti framkvæmdir, svo framarlega sem allt væri klárt. Hann kvaðst telja, að úttektin hefði verið út af sökklum, en Örn hefði ætlað að taka botnplötu um leið, og það hefði þurft að fleyga fyrir henni, en ekki undan sökklunum.

Örn Valberg skýrði svo frá, að Ólafur hefði ætlað að fá Jón sprengjumann til að vinna verkið, en hann hefði ekki getað það. Hefði Örn þá verið beðinn um að vita, hvort hann gæti útvegað mann í verkið. Hefði hann þá útvegað Stefán Þorvarðarson, og eftir það hefði hann ekkert skipt sér af sprengjuvinnunni. Aðspurður kvaðst hann engin afskipti hafa haft af því, þegar sú ákvörðun var tekin að fá Símon Símonarson inn í tiltekinn hluta verksins. Hafi hann ekki vitað til þess, að ákvörðun um það hafi verið tekin í samráði við Ólaf Guðmundsson.

Aðspurður kvaðst mætti telja, að í úttekt á botni fælist það, að sökfullinn væri tilbúinn til uppsláttar.

Niðurstaða.

Með vísan til framburðar aðilja og vitna má telja upplýst, að Stefán Þorvarðarson tók að sér að vinna ákveðið verk í húsgrunni stefnda, og fól hann stefnanda, Símoni Símonarsyni, að vinna hluta þess. Tók hann þá ákvörðun á eigin spýtur og án þess að hafa um það samráð við Ólaf Guðmundsson eða Örn Valberg. Hafði stefndi þannig ekkert með ráðningarkjör eða vinnu stefnanda að gera. Þá er ósannað gegn andmælum stefnda, að hann hafi lofað stefnanda greiðslu á reikningnum. Er því ósannað, að stefndi Ólafur hafi tekið á sig nokkrar skuldbindingar gagnvart stefnanda. Má því fallast á það með stefnda, að stefnandi beini kröfum sínum ranglega að honum, og ber því að taka sýknukröfu hans til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda, Símon, til að greiða stefnda, Ólafi, málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 30.000, þar með talinn söluskattur.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Guðmundsson, Holtsgötu 9, Reykjavík, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Símonar Símonarsonar, Víðihlíð 30, Reykjavík, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
